

## 20. gr.

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal greiða gjald, er nemur tveimur hundraðshlutum af kaupverði (cif.) vörunnar. Gjald þetta greiðist Eftirlitssjóði RALA gegn afhendingu vottorðs.

## 21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 frá 16. maí 1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvöru, áburði og sáðvöru og verslun með þær vörur, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 53 27. mars 1971.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Haukur Jörundarson.*

**AUGLÝSING****um umferð í Njarðvík.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Njarðvíkurkaupstað:

1. Njarðvíkurbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart hliðargötum.
2. Akurbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart hliðargötum.

*Lögreglustjórinn í Njarðvík, 13. apríl 1981.*

**Jón Eysteinnsson.**

**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 8.1% frá og með 1. júní 1981 frá því sem þær voru í mars 1981.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 127 24. febrúar 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*